

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 132/1971*  
*komudagur 2.S. 2006*



Egilsstaðir 2. maí 2006

Kristjana Benediktsdóttir  
Félagsmálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

**EFNI: Umsögn um þrjú frumvörp**

Óskað hefur verið umsagnar AFLs – Starfsgreinafélags Austurlands á frumvörp um um Atvinnuleysistryggingar, Vinnumarkaðsaðgerðir og Upplýsingar og samráð í fyrirtækjum.

Um leið og við þökkum traustið bendi ég á að Alþýðusamband Íslands hefur gefið umsagnir um öll ofangreind frumvörp og hljótum við að vísa til þeirra. Að vísu má geta þess að fjölmargir á landsbyggðinni hafa uppi efasemdir hvað varðar breytingar á skráningu atvinnuleitenda.

Kær kveðja

Sverrir Albertsson  
Framkvæmdastjóri AFLs



Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1970*  
*komudagur 2.5.2006*

Reykjavík 2.5. 2006.

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um atvinnuleysistryggingar (742 mál) og vinnumarkaðsaðgerðir (788 mál).**

Veitt er sameiginleg umsögn um þessi frumvörp enda eru þau hugsuð sem ein samvirk heild. Þau byggja annars vegar á niðurstöðum nefndar félagsmálaráðherra sem ASÍ átti aðild að og sem skilaði niðurstöðum s.l. haust hins vegar á samkomulagi sem náðist í tengslum við endurskoðun á forsendum kjarasamninga í nóvember s.l.

Í öllum aðalatriðum fylgja frumvörpin þessum niðurstöðum og eru ásættanleg. ASÍ áskilur þó allan rétt til þess að sækja á um aukna tekjutengingu atvinnuleysisbóta.

ASÍ vill að auki benda á eftirfarandi atriði.

ASÍ telur mikilvægt að áfram verði tryggð tengsl stéttarféлага við atvinnulausa og telur nauðsynlegt að þeim sé ætlað hlutverk m.a. hvað varðar aðstoð og fræðslu við atvinnulausa félagsmenn sína. ASÍ gerir því ákveðinn fyrirvara við niðurlagningu þeirra nefnda sem starfa skv. gildandi lögum og sem séð hafa um úthlutun og afgreiðslu atvinnuleysisbóta.

ASÍ gerir alvarlegar athugasemdir við þá ráðgerð að tvöfalda refsingu þess launafólks sem segir starfi sínu lausu án gildra ástæðna. Í fyrsta lagi tekur þá við 40 daga biðtími eftir bótum sbr. 54.gr. frumvarpsins og í öðru lagi svipting tekjutengingar sbr. 32.gr. þess. ASÍ hefur lagt til þá málamiðlun að umræddir dagar dragist frá hinu tekjutengda tímabili en upphefji það ekki með öllu. Sú málamiðlun er ítrekuð.

Jafnframt eru gerðar athugasemdir við að ekki sé gert ráð fyrir fullu mótframlagi til lífeyrissjóðs úr atvinnuleysistryggingasjóði. Skv. 37.gr. frumvarpsins er mótframlagið bundið við 6% í stað þeirra 7% sem kjarasamningar áskilja frá 1.1 2005 og 8% frá 1.1 2007.

Til þess að takast megi að hrinda lögum um vinnumarkaðsaðgerðir í framkvæmd og til að efnt verði til árangursríkra vinnumarkaðsaðgerða sem eitt af megin markmiðum frumvarpsins er ljóst að tryggja þarf fjármuni til verkefnisins. Það er skilningur ASÍ að þeir fjármunir eigi að koma úr ríkissjóði en frumvarpið er ekki nógu skýrt hvað þetta varðar.

Að lokum leggur ASÍ áherslu á, að mikilvægt er að standa vel að undirbúningi og framkvæmd á gildistöku laganna sem miðuð er við þann 1.7 n.k. Ljóst að mikið starf er óunnið í því efni.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 132/2078**  
**komudagur 3.S.2006**

Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík

Reykjavík 3. maí 2006

**Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 742 og 788.**

Visað er til óskar nefndarinnar þar sem BHM er gefinn kostur á að gefa álit sitt á framlögðum frumvörpum.

BHM er fylgjandi frumvörpunum en gerir eftirfarandi athugasemdir.

Gert er ráð fyrir að BHM og BSRB skipi sameiginlega stjórnarmann í stjórn Atvinnuleysistryggingarsjóðs en áður höfðu samtökin sinn fulltrúa hvort í stjórninni. BHM telur að svo eigi að vera áfram og þá jafnframt að fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi sinn hvorn stjórnarmanninn. Stjórnarmenn yrðu þá 7 í stað 9 áður.

Sama athugasemd á við um skipun stjórnar Vinnumálastofnunar, rétt er að BHM og BSRB hafi sinn fulltrúann hvort.

BHM fagnar því að tekjutenging atvinnuleysisbóta sé tekin upp en telur hámarkið lágt í ljósi þess að nær allir félagsmenn BHM munu lenda í skerðingu ef til atvinnuleysis kemur. Atvinnuleysisbætur eru fjármagnaðar af atvinnutryggingargjaldi sem er hluti tryggingarstofns. Greiddar eru 0,65% af launum allra launþega, án tillits til fjárhæða. Rétt er því að hámarkið fari hækkandi, sbr. greiðslur úr fæðingarorlofssjóði.

Virðingarfyllst



Stefán Aðalsteinsson,  
frankvæmdastjóri BHM

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 132/2030  
komudagur 3.5.2006



Reykjavík, 3. maí 2006

**Efni: Umsögn BSRB um frumvörp til laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir.**

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreind frumvörp og leggja samtökin áherslu á að líta ber á þau sem eina heild. Ákvörðun um að stytta rétt til atvinnuleysisbóta orkar mjög tvímælis nema því fylgi enn markvissari vinnumarkaðsaðgerðir til þess að auðvelda atvinnulausu fólki að fá atvinnu á ný. Í frumvarpi um vinnumarkaðsaðgerðir er ekki skýrt kveðið á um fjármögnun slíkra aðgerða en áformað er að endurskoða þjónustusamninga og greiðslur úr ríkissjóði og öðrum sjóðum til starfsendurhæfingar í kjölfar gildistöku laganna. Eðlilegt hefði verið að frá þessu væri gengið áður en löggin kæmu til framkvæmda.

BSRB er fylgjandi þeirri meginhugsun að tekjutengja atvinnuleysisbætur að vissu marki og tímabundið eins og frumvarp um atvinnuleysisbætur kveður á um. Hins vegar gagnrýna samtökin að slíkt gildi einvörðungu um þá sem misstu atvinnu sína eftir 15. nóvember 2005 og eru enn skráðir atvinnulausir 1. júlí 2006.

BSRB vísar í erindi til félagsmálaráðuneytisins frá 23. mars sl. þar sem áhersla var lögð á aðkomu fulltrúa samtakanna að stjórnkerfi atvinnuleysistrygginga en í frumvarpinu er ekki tekið tillit til athugasemda samtakanna, sbr. meðfylgjandi bréf.

F.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, which appears to read 'Svanhildur Halldórsdóttir'.  
Svanhildur Halldórsdóttir





Til félagsmálanefndar Alþingis

3. maí 2006

**Athugasemdir um frumvarp um vinnumarkaðsaðgerðir**

- 1. Samstaða um markmið.** Tekið er undir þau markmið sem sett eru fram um að koma til móts við þarfir einstaklinga með vinnumarkaðsaðgerðum og úrræðum sem henta hverjum einstaklingi eftir því sem kostur er. Því er á hinn bóginn velt upp hvort allur ferill vinnumarkaðsúrræða og ráðgjafar eigi að vera á hendi Vinnumálastofnunar. Gert er ráð fyrir því að öll framkvæmd aðgerðanna miðist við að þau séu undir stjórn VMS sem metur hæfni einstaklinga, skipuleggur vinnumarkaðsúrræði, sér um ráðgjöf og starfsendurhæfingu. Ljóst er að margir aðilar hér á landi eru með mikla sérþekkingu á þessum sviðum og spurning hvort ein stofnun er líklegri en aðilar sem eiga beinna hagsmuna að gæta s.s. samtök, félög, þar á meðal og aðrir gætu ekki tekið að sér viss hlutverk í þessu efni. Má þar nefna sem dæmi samtök fatlaðra sem reka öfluga endurhæfingu og aðila í tengslum við lífeyrissjóðina sem bjóða upp á svipuð úrræði sem forvarnarstarf gagnvart örorku.
- 2. Vinnumarkaðsráð og fyrri svæðisráð.** Vinnumarkaðsráðin eru framlenging á fyrri svæðisráðum. Vandí fyrri svæðisráða var í reynd þannig að þeim var í reynd ekki ætlað mikið hlutverk. Með nafnabreytingu í vinnumarkaðsráð er ljóst að vandí þeirra verður áfram sá sami. Það er engin starfsemi undir stjórn þeirra en þeim er samt ætlað það hlutverk að vera leiðbeinandi og ráðgefandi við þjónustustöðvar Vinnumálastofnunar varðandi vinnumarkaðsúrræði sbr. 6. grein og skýringar við hana, þá á VMS að móta stefnuna, viðkomandi þjónustustöðvar að framkvæma stefnuna en vinnumarkaðsráðin verða ráðgefandi og nefnt er sem dæmi í skýringum að hlutverkið felist m.a. í því að gera árlegar skýrslur. Sá aðili sem skrifar þessar skýrslur hljóta að vera þjónustuskrifstofurnar sjálfar. Þannig verður ekki séð hvert hlutverk Vinnumarkaðsráðanna er í reynd.
- 3. Samþykki foreldra við umsóknir yngri en 18 ára.** Þegar umsækjandi er yngri en 18 ára skal foreldri eða forráðamaður hans undirrita umsóknina um samþykki sitt sbr. 7. gr. Hvað með þá 16-18 ára sem eru fluttir að heiman eða búa við þær aðstæður að foreldrar / forráðamenn eru ekki til staðar sbr. lögræðislög og barnalög.
- 4. Tilkynningarskylda** varðandi þegar hætt er virkri atvinnuleit. Hæpið að það sé raunhæft að miða við að fólk líti á það sem mikilvægt atriði, enda tekið fram að skjólstaðingar geti verið utan greiðslukerfa.

5. **Sex tegundir vinnumarkaðsúrræða.** Tekið er fram að Vinnumálastofnun skipuleggi og annist framkvæmd þeirra en geti gert þjónustusamninga og þá er eingöngu gert ráð fyrir einkaaðilum og sveitarfélögum. Hvað um fræðslustofnanir, sem ekki eru einkaaðilar, félagasamtök, stéttarfélög og aðra sem koma að ýmiss konar uppbyggingu fólks varðandi úrræði í atvinnumálum. Eingöngu miðað við starfstengt nám en ekki framhaldsskólanám eða háskólanám. Er raunhæft að setja slík skilyrði.
6. **Framkvæmd atvinnuviðtala.** Þegar atvinnurekendur verða uppvísir að því að fá til sín atvinnuleitendur, en haga viðtölum þannig að þau eru einungis tekin formsins vegna, en áform eru um að ráða aðra, þá þarf að vera til úrræði til að bregðast við slíkum dæmum.
7. **Eftirlit með þátttöku atvinnuleitenda í vinnumarkaðsaðgerðum.** Gert er ráð fyrir því að ráðgjafar VMS hafi eftirlit með atvinnuleitendum og fylgi eftir áætlun um atvinnuleit og verða þeir boðaðir í viðtöl eftir þörfum hvers atvinnuleitanda. Spurning vaknar um það hvernig þetta kerfi virkar í fjöldaatvinnuleysi. Hér hefur verið allt upp í 8% atvinnuleysi og hjá félögum eins og VR og Eflingu þýðir þetta um 4000 manns í viðtöl með reglulegum hætti. Hvaða úrræði eru skipulögð við slíkar aðstæður?

*SBessason/ PH030506*

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/2096*  
*komudagur 8.5.2006*

Ágætu nefndarmenn í félagsmálanefnd Alþingis,

Þær fréttir bárust inn á aðalfund Hlutverks - Samtaka um vinnu og verkþjálfun 4. - 5. maí 2006 að fram væri komið á Alþingi frumvarp um vinnumarkaðsaðgerðir.

Niðurstöður nefndar þeirrar sem þetta frumvarp byggir á voru kynntar samtökunum í októbermánuði af aðstoðarmanni félagsmálaráðherra og forstjóra Vinnumálastofnunar. Á þeim fundi kom fram ánægja með að loks ætti að stíga það skref að Vinnumálastofnun ætti að þjóna öllum Íslendingum hvað varðar þjálfun og stuðning í atvinnumálum. Ekki ætti lengur að búa við það ástand að fatlaðir einstaklingar eigi ekki aðgang að almennum vinnumarkaðsaðgerðum.

Hlutverk og forverar samtakanna hafa í langan tíma barist fyrir því að sú kerfisbundna aðgreining sem ríkt hefur verði afnumin. Við viljum eitt samfélag fyrir alla og í því ljósi eiga vinnustaðir og sértækar stofnanir og vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fatlað fólk að heyra undir Vinnumálastofnun Íslands eins og fyrir aðra Íslendinga.

Þessi skoðun hefur einnig komið skýrt fram í tillögum nefndar um Atvinnumál fatlaðra sem skilaði tillögum til félagsmálaráðherra 1995 og í tillögum nefndar um starfskjör fatlaðra sem að stóðu allir aðilar vinnumarkaðarins, hagsmunasamtaka fatlaðra, félagsmálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins árið 1999.

Í niðurstöðum ráðgjafahóps um atvinnumál fatlaðra sem starfaði til undirbúnings þeirri stefnumótun í málefnum fatlaðra sem nú er á lokastigi á vegum félagsmálaráðuneytisins er sama tillaga einnig sett fram sem grundvallarforsenda fyrir þjónustu við fatlaðra hvað varðar atvinnumál.

Á aðalfundi Hlutverks var undirrituð sameiginleg yfirlýsing Hlutverks og Alþýðusambands Íslands um kjör og réttindi fatlaðra á vinnustöðum fatlaðra. (Yfirlýsingin fylgir hér með). Grundvöllur þessarar yfirlýsingar er m.a. það viðhorf að atvinnumál fatlaðra séu atvinnumál en ekki félagsmál sem halda á aðgreinum frá atvinnumálum annarra.

Rétt er einnig að vekja athygli á að í nýrri málaskrá Öryrkjabandalags Íslands, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Landssambands eldri borgara en þar er þess krafist að yfirstjórn atvinnumála fyrir alla þ.m.t. fatlað fólk, verði hjá Vinnumálastofnun félagsmálaráðuneytisins.

Hlutverk hvetur nefndarmenn í félagsmálanefnd Alþingis að nota það tækifæri sem nú býðst að tryggja að með samþykkt nýs frumvarps um vinnumarkaðsmál að atvinnumál allra Íslendinga verði á sömu hendi.

Við látum það ekki gerast baráttulaust að atvinnumál fatlaðra einstaklinga verði áfram aðgreind frá atvinnumálum annarra Íslendinga. Slíkt er í algerrri andstöðu við fyrirkomulagið annarsstaðar og ekki í samræmi við nútíma stefnumótun.



**Við í Hlutverki erum tilbúin til samstarfs við félagsmálanefnd eða einstaka nefndarmenn um ofangreint mál.**

**Virðingarfyllst,**

**Kristján Valdimarsson, MPA  
Formaður Hlutverks**

**ÖRVI  
Kársnesbraut 110,  
ÍS - 200 Kópavogur**



## Yfirlýsing

### frá Alþýðusambandi Íslands og Hlutverki – samtökum um vinnu og verkþjálfun

#### um kjör og réttindi fatlaðra starfsmanna á vinnustöðum fatlaðra

Alþýðusamband frjálsra verkalýðsfélaga (ICFTU) ákvað á heimsráðstefnu sinni í Miyazaki í Japan, dagana 5-10. desember 2004, að vinna að fullri samlögun fatlaðra „að samfélaginu og vinnustöðum með því að stuðla að menntun, starfsþjálfun og endurhæfingu, berjast gegn öllum tegundum mismununar, aðlögun vinnustaða og umhverfis og samvinnu við stjórnvöld og atvinnurekendur.“

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Hlutverk - samtök um vinnu og verkþjálfun, sem eru heildarsamtök vinnu- og hæfingarstaða fatlaðra, deila þessu viðhorfi og hafa átt samvinnu vegna réttarstöðu fatlaðra starfsmanna á vinnustöðum fatlaðra. Í niðurstöðum könnunar sem ASÍ og Hlutverk gerðu fyrir skömmu kemur fram, að á meirihluta vinnustaða fatlaðra njóta starfsmenn lágmarksréttinda skv. kjarasamningum og að þar eru laun greidd í hlutfalli við umsamda kaup-taxta miðað við metna vinnugetu starfsmanna.

Samtökin eru sammála um að það sé mannréttindamál að allir sem geta og vilja vinna eigi kost á atvinnu. Tryggja þarf að í samfélaginu séu til staðar úrræði fyrir þá sem þurfa stuðning við að komast í atvinnu og til að halda henni til frambúðar.

Samtökin telja mikilvægt að íslenskt samfélag geri sér grein fyrir þeim verðmætum sem fólgin eru í virkri þátttöku fatlaðra í atvinnulífinu. Fjöldi fatlaðra starfar á almennum vinnumarkaði, nýtur sömu kjara og annað launafólk og á aðild að verkalýðsfélögum og stofnunum þeirra, þ.m.t. lífeyrissjóðum. Verkefni sambandsaðila Hlutverks er að þjálfa fólk til starfa á almennum vinnumarkaði og veita þeim atvinnu sem ekki eiga þess kost að starfa á almennum vinnumarkaði, eða eiga ekki afturkvæmt þangað.

Samtökin skora jafnframt á íslensk stjórnvöld að hrinda í framkvæmd tilskipunum Evrópusambandsins um bann við mismunun á vinnumarkaði hér á landi.

Alþýðusamband Íslands og Hlutverk eru sammála um að stuðla að því, að á öllum vinnustöðum fatlaðra séu réttindi skv. kjarasamningum virt. Meðal þessara réttinda eru:

- Að gerðir séu skriflegir ráðningar- og/eða þjónustusamningar við fatlaða starfsmenn
- Að vinnugeta fatlaðra starfsmanna sé metin á hlutlægan og samræmdan hátt og laun skv. kjarasamningum greidd eftir því.
- Að réttur sé til sumarorlofs á launum
- Að greiddar séu desember- og orlofsuppbætur í sama hlutfalli og laun
- Að yfirvinnuálag sé greitt þegar yfirvinna er unnin að loknum dagvinnutíma
- Að réttur til greiðslu launa í forföllum vegna veikinda og slysa sem ekki er tengd fötlun viðkomandi sé virtur
- Að allir fatlaðir starfsmenn njóti slysatryggingar eins og annað starfsfólk við störf sín, á leið til og frá vinnu og í frítíma
- Að fatlaðir starfsmenn njóti samningsbundins uppsagnarfrests frá störfum
- Að fatlaðir starfsmenn eigi aðild að viðeigandi stéttarfélagum og sjóðum á grundvelli gildandi kjarasamninga og laga

Samtökin beina því jafnframt til allra sem ekki hafa nú þegar í gildi samninga um kjör sem samræmast ofanrituðu, að gera nauðsynlegar breytingar og hrinda þeim í framkvæmd eigi síðar en 1. september 2006.

Rangárþingi 4. maí 2006

f.h. Alþýðusambands Íslands

F.h. Hlutverks –  
Samtaka um vinnu og verkþjálfun



**H L U T V E R K**

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

Hlutverk - Samtök um vinnu- og verkþjálfun héldu haustfund sinn í Reykjavík 18. nóvember 2005.

Á fundinum kynntu Sigurjón Örn Þórsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra og Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar nefndarálit um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðsaðgerðir. Einnig var gerð grein fyrir kynningarfundum félagsmálaráðuneytisins um stefnumótun í málefnum fatlaðra fyrir árabilið 2006 – 2015. Skýrt var frá grundvelli stefnumótunarinnar, vinnubrögðum og helstu áherslupunktum.

Á fundinum var síðan fjallað um þetta efni í umræðuhópum og niðurstöður kynntar og ræddar á sameiginlegum fundi.

Á fundinum var samþykkt að koma afstöðu, ábendingum og athugasemdum samtakanna á framfæri við félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun.

Hópurinn telur að hér sé á ferðinni mjög málefnalega unnar og merkilegar skýrslur, sem byggðar eru á alþjóðlegum mannréttindaviðhorfum, lögum og reglum. Markmiðin eru háleit og tekið er heilstætt á hinum ýmsu þörfum fatlaðra í öllum málaflokkum. Ef öll þau markmið sem sett eru fram komast til framkvæmda þá er það álit Hlutverks að hér sé tvímælalaust um að ræða risastórt stökk fram á við í nánast öllum þáttum sem varða málefni fatlaðs fólks.

“Main Stream” hugmyndafræði hefur skilað sér inn í þessar tillögur á öllum sviðum. Grundvöllurinn er mannréttindi, jafnræði og að allir eigi að sitja við sama borð óháð félagslegri stöðu eða fötlun. Við fögnum nýju tungutaki og þeirri stefnu sem þarna birtist. Nú er mikilvægt að aðgerðir og framkvæmd verði í samræmi við þessa stefnumótun. Hlutverk telur að væntanlegar breytingar á lögnum mjög góðar en leggur á það áherslu að öll atvinnumál allra fatlaðra einstaklinga fari undir Vinnumálastofnun.



## HLUTVERK

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

Við minnum á að enn hefur ekki verið skilgreint til fullustu hvað teljist til atvinnu og hvað ekki.

Einnig verður að skýra hvað átt er við þegar rætt er um launaða vinnu. Er einungis átt við full óskert markaðslaun eða eru frávik viðurkennd t.d. samkvæmt mati á vinnugetu.

- Hlutverk telur það skipta meginmáli að inn á Vinnumálastofnun verði ráðið starfsfólk með hugmyndafræðina, þekkingu og reynslu á atvinnumálum fatlaðra í farteskinu. Einnig teljum við mikilvægt að kalla til samráðs um útfærslu og skipulagningu fólk sem starfar í málaflokknum og er með fingur á púlsinum í þessum málum.
- Hlutverk fagnar því að sú stefnumótun sem fram kemur taki mið af þörfum allara fatlaðra einstaklinga og annarra sem höllum fæti standa hvað varðar að fá og halda atvinnu.
- Hlutverk tekur heilshugar undir það markmið að þjónustan og þær leiðir sem farnar eru séu einstaklingsmiðaðar og sniðnar að þörfum og vali hvers einstaklings.
- Hlutverk gerir sér grein fyrir að enn þarf að vinna að nánari skilgreiningum og útfærslum. Einnig eru ýmiss álitamál sem taka þarf afstöðu til. Þar má nefna stöðu einstaklinga í hæfingu. Hvar fellur þessi starfsemi að kerfinu og hver eru réttindi þessa hóps hvað varðar laun.
- Hlutverk leggur áherslu á rétt allra fatlaðra einstaklinga til að eiga þess kost að reyna sig með stuðningi á almennum vinnumarkaði. Við leggjum einnig áherslu á rétt einstaklingsins til að velja annarskonar atvinnu ef hann treystir sér ekki til áframhaldandi starfa eða ef hann svo kýs. Sérhæfðir vinnustaðir fyrir fatlað fólk þurfa að vera til



## HLUTVERK

Samtök um vinnu- og verkþjálfun

- staðar fyrir þá sem þar vilja vinna og þá sem ekki ráða við þær kröfur sem gerðar eru á almennum vinnumarkaði. Þessir vinnustaðir gegna einnig miklu hlutverki þegar kemur að því að meta vinnugetu og veita almenna starfsþjálfun.
- Hlutverk leggur á það mikla áherslu að innan málaflokksins starfi vel menntað og þjálfað starfsfólk. Mikilvægt er að tryggt verði að launakjörum þessa starfsfólks verði breytt á þann veg að störfín verði eftirsóknarverð fyrir þennan hóp.
- Hlutverk ítrekar fyrri samþyktir samtakanna um nauðsyn þess að endurskoða samspil launa og bóta. Bótakerfið má ekki vera þannig að það virki vinnuletjandi.
- Hlutverk ítrekar að það vantar fleiri starfsþjálfunarstaði þar sem hægt er að kanna starfsgetu fólks áður en það fer út á almennan vinnumarkað og veita markvissa þjálfun. Slík starfsemi eykur líkur fatlaðra einstaklinga til að fá atvinnu og halda henni til frambúðar.
- Hlutverk er eindregið þeirrar skoðunar að við megum til með að vinna úr og nýta þá hugmyndavinnu sem hér (sbr. skýrslur) hefur verið unnin og við lýsum okkur reiðubúin til að fylgja þessum hugmyndum eftir til framkvæmda. Einnig eru samtökin tilbúinn til að styðja og taka þátt í því ferli sem nú tekur við.
- Hlutverk er þeirrar skoðunar að nú sé lag til breytinga sem muni skila miklu þegar fram líða stundir
- Hlutverk hvetur til þess að viðtækt samráð um framhaldið verði haft við fatlaða og hagsmunasamtök þeirra. Stuðningur þessara aðila er grundvöllur þess hvernig til tekst að hrinda góðum tillögum og framsækinni stefnumótun í framkvæmd.



**HLUTVERK**

**Samtök um vinnu- og verkþjálfun**

- Að lokum leggur Hlutverk á það höfuðáherslu að skapa þarf víðtæka þverpóltíska samstöðu um þessa stefnumótun og tillögur. Þar þurfa öll svið þjóðlífsins að axla ábyrgð og vinna saman að sameiginlegu markmiði sem er réttur allra til vinnu, einum sameiginlegum vinnumarkaði og einu þjóðfélagi fyrir alla.

Þetta tilkynnist hér með fyrir hönd Hlutverks – Samtaka um vinnu- og verkþjálfun með ósk um gott samstarf að frekari útfærslu og framkvæmd þeirra framsæknu og jákvæðu tillagan sem settar hafa verið fram í stefnumóun um málefni fatlaðra og nýskipan hvað varðar vinnumarkaðsaðgerðir.

\*

Virðingarfyllst,

**Kristján Valdimarsson**  
formaður Hlutverks



Alþingi  
Félagsmálanefnd  
Austurstræti 8 - 10

150 REYKJAVÍK

3.5.2006

**Efni: Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, 788. mál.**

Samtök atvinnulífsins hafa fengið til umsagnar frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, 788. mál þingsins.

Frumvarp þetta byggir m.a. á skýrslu nefndar frá nóvember 2005 sem Samtök atvinnulífsins áttu aðild að. Samtökin styðja því meginefni þess en vilja þó gera nokkrar athugasemdir.

Samtök atvinnulífsins leggja til að 6. gr. frumvarpsins um vinnumarkaðsráð verði felld brott ásamt öðrum tilvísunum í ráðin. Ekki er nokkur sýnileg þörf fyrir ráð þessi og fullvist að þau eru andvana fædd, eins og forveri þeirra. Í gildandi lögum ganga sams konar ráð undir nafninu svæðisráð og hafa þau þau lognast út af þrátt fyrir að lögin kveði á um að þau skuli koma saman mánaðarlega. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hin svæðisbundnu vinnumarkaðsráð skili skýrslu ár hvert til stjórnar Vinnumálastofnunar um stöðu mála og tillögum um aðgerðir. Ekki er kunnugt um að svæðisráðin, sem skv. gildandi lögum eiga einnig að skila slíkum skýrslum, hafi nokkru sinni gert það. Spurning er hver eigi að skrifa þessar skýrslur og hvort löggjafinn sé að fara fram á hópvinna ráðsmanna í sjálfboðaliðsvinnu við umrædd skýrsluskrif. Ef hugmyndin er sú að forstöðumenn svæðisvinnumiðlana skrifi skýrslurnar þá er rétt að það sé skráð í lögin, en þá er óþarfi að blanda þessum vinnumarkaðsráðum í málið. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að Samtök atvinnulífsins tilnefni 16 fulltrúa og jafn marga til vara í þessi skýrsluskrifandi vinnumarkaðsráð. Í ljósi reynslunnar af svæðisráðunum og tilgangssleysi þeirra er áhugi Samtaka atvinnulífsins afar takmarkaður á því að tilnefna alla þessa fulltrúa í umrædd vinnumarkaðsráð.

Í 14. gr. segir að fram skuli fara heildarendurskoðun á aðstæðum atvinnuleitanda eigi síðar en þremur árum eftir að hann sótti fyrst um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum og hann er enn án atvinnu. Þetta er allt of langur tími og væri æskilegt að slík heildarendurskoðun eigi sér stað innan sex mánaða. Rannsóknir sýna að niðurbrotsferli einstaklinga hefst eftir fáeinar vikur í atvinnuleysi og að eftir sex






SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

mánuði er orðið fremur ólíklegt að atvinnulausir eigi afturkvæmt inn á vinnumarkaðinn.

Í nefnd félagsmálaráðherra var samkomulag um það að kostnaði vegna vinnumarkaðsaðgerða yrði létt af atvinnuleysistryggingasjóði og hann færður yfir á ríkissjóð vegna hins mikla kostnaðarauka sem hlíst af tekjutengingu atvinnuleysisbóta. Skilja má umsögn fjárlagakrifstofu fjármálaráðuneytisins á annan veg en afstaða félagsmálaráðuneytisins hefur verið skýr í þessum efnum. Gera verður því ráð fyrir auknum útgjöldum ríkissjóðs og lækkun útgjalda Atvinnuleysistryggingasjóðs hvað þennan þátt varðar.

Virðingarfyllst,



Hannes G. Sigurðsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri



## Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Hafnargötu 28 eh. \* 710 Seyðisfirði \* Sími 472 1690 \* Fax 472 1691 \* Netfang ssa@ssa.is \* www.ssa.is

**Nefndasvið Alþingis  
Félagsmálanefnd  
Alþingi 150 Reykjavík**

**Seyðisfirði 30. maí 2006.**

*Alþingi  
Erindi nr. P 132/2186  
komudagur 31.5. 2006*


**Umsögn  
Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir  
Þskjal.1194 – 788. mál.**

**Svæðisráð vinnumiðlunar Austurlands tók frumvarpið fyrir á fundi sínum  
17. maí sl.**

Umsögn eftirfarandi:

Svæðisráðið gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en lýsir furðu sinni á því að ekki hafi verið leitað umsagnar ráðsins, sem er ráðgjafarnefnd samkvæmt gildandi lögum um vinnumarkaðsaðgerðir.

f.h. Svæðisráðs vinnumiðlunar Austurlands

  
-----  
form. Þorvaldur Jóhannsson

Alþingi  
Erindi nr. P 132/1973  
komudagur 2.5.2006



Alþingi  
Alþingishúsinu v/ Austurvöll  
B.t. nefndasviðs  
101 Reykjavík

Akureyri, 2. maí 2006

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar**

Hjálagt sendist umsögn um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir og frumvarp til laga um atvinnuleysistryggingar samkvæmt beiðni með sem barst með tölvupósti þann 27. apríl sl.

Umsagnirnar voru áður sendar með tölvupósti þann 2. maí á netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Virðingarfyllst,  
F.h. Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra

Helena Þ. Karlsdóttir, forstm.

## **Umsögn um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir frá starfsmönnum Svæðisvinnumiðlunar Norðurlands eystra**

6. gr.

Forstöðumaður þjónustustöðvar þarf að eiga setu í vinnumarkaðsráði með málfrelsi og tillögurétt til að tryggja ákveðna tengingu og samvinnu milli ráðs og þjónustuskrifstofunnar og til að tryggja framkvæmd á úrræðum.

7. gr.

Gerð er krafa um vottorð frá sérfræðilækni. Bent er á að úti á landsbyggðinni er ekki jafn aðgangur að sérfræðilæknum. Skoða þarf hvort um augin útgjöld sé að ræða fyrir atvinnuleitendur, þ.e. hvort vottorð sérfræðilækna eru dýrari en vottorð heimilislækna. Ennfremur þarf að liggja ljóst fyrir hvort atvinnuleitendur þurfi sjálfir að greiða fyrir vottorðin eða ætlar stofnunin að gera það þar sem auknar kröfur eru fyrir atvinnuleitendur að leggja fram gögn um vinnufærni sína.

Í 4. gr. er talað um þjónustustöðvar en í 7. gr. er talað um vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Þarna er ósamræmi í hugtakanotkun og það þarf að samræma.

„Í umsókn skulu koma fram allar þær upplýsingar er varða vinnufærni umsækjanda og þær rökstuddar fullnægjandi gögnum“. Þessi setning kann að valda misskilningi. Þurfa þeir sem eru með fulla vinnufærni líka að koma með vottorð frá lækni um að viðkomandi sé full vinnufær.

8. gr.

Það er ósamræmi í skilyrðum 8. gr. frumvarps um vinnumarkaðsaðgerðir (vmaðg) og 10. gr. frumvarps um atvinnuleysisstryggingar (atvltr).

8. gr. vmaðg. = tilkynning skal vera skrifleg og á þar til gerðum eyðublöðum.

10. gr. atvltr. = tilkynning skal gerð með sannanlegum hætti.

Þetta er alveg ljóst þegar einstaklingar úr öðrum greiðslukerfum en atvinnuleysisstryggingakerfinu segir sig frá vinnumarkaðsúrræði, þá er farið eftir 8. gr. en það er óljósara hvernig með skuli fara þegar einstaklingur er á atvinnuleysisbótum hvorum lögunum á að fara eftir varðandi tilkynningu um að skráningu sé hætt, 8. gr. vmaðg. eða 10. gr. Atvltr? Þetta þarf að vera ljóst því skv. 9. gr. atvltr. felur umsókn um atvinnuleysisbætur í sér umsókn um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.

Reyna á að gera fólki það sem einfaldast að afskrá sig þegar það þarf ekki á þjónustunni að halda lengur. Ákvæðið eins og það er í frumvarpinu virðist íþyngjandi fyrir fólk þar sem lögd er skylda á að afskrá sig skriflega á eyðublaði.

Það þarf að vera skýrt hvernig framkvæmdin eigi að vera. Eiga eyðublöðin að vera aðgengileg á netinu eða þarf fólk að koma á þjónustuskrifstofunnar og leggja inn skriflega tilkynningu?

Reynslan hefur sýnt að stór hluti lætur ekki vita þegar það hættir að skrá sig.

Það verður erfiðara að halda utan um og fylgjast með því hvort menn afskrái sig eða ekki sérstaklega vegna þess að regluleg skráning er felld niður.

Ef afskráning verður möguleg í gegnum netið þá verður að taka mið að því að það eru margir úti á landsbyggðinni í hinum dreifðu byggðum sem ekki eru í netsambandi og þeir þurfa þá að gera sér sérstaka ferð á einhvern stað til að afskrá sig skriflega. Hugsanlega að keyra um langan veg.

Sjómenn t.d. fara oft án nokkurs fyrirvara og jafnvel eftir lokun skrifstofanna. Hvernig fer með slík tilfelli?

Skriflega afskráning ætti ekki að vera skylda því hvað gerist ef ekki verður hægt að framfylgja ákvæðinu?

11. gr.

Þegar atvinnuleitandi sækir um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum fer fram mat á vinnufærninni. Þetta þarf að gerast strax í upphafi til að starfið verði markvisst. Ef matið dregst á langinn þá getur dýrmætur tími glatast. Eins og staðan er í dag þá verður að koma inn aukið fjármagn til að geta ráðið fleiri ráðgjafa svo þeir geti verið meira úti í umdæminu og til að geta tryggt að allir fái sömu þjónustu óháð búsetu. Hjá Svæðisvinnumiðlun Norðurlands eystra á Akureyri starfa tveir ráðgjafar. Það er ógerlegt að framkvæma matið fyrir tvo ráðgjafa miðað við auknar kröfur, aukin störf, stærð umdæmis og fjarlægða á milli staða og ljóst er að ekki verður hægt að sinna þessari skyldu.

Eins og staðan er í dag þá fara ráðgjafarnir út í umdæmið eftir þörfum og atvinnuástandi. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins þá á einstaklingur að fara í mat ráðgjafa þegar hann kemur inn óháð aðstæðum og búsetu.

Reynslan hefur ekki verið sú að fólk hópist að til að sækja námskeið og annars konar úrræði. Það hafa yfirleitt verið ráðgjafarnir sem leitast eftir því við atvinnuleitendur og þrýsta á þá að þeir taki þátt í úrræði. Það er einstaka persóna sem leitar sjálf eftir að taka þátt í úrræði.

12. gr.

Reglugerðin um skipulag vinnumarkaðsúræða, nám og námskeið verður að liggja fyrir þegar byrjað verður að vinna eftir nýjum lögum.

Mikil umræða hefur átt sér stað um nám samhliða bótum. Það atriði verður að liggja ljóst fyrir.

13. gr.

Það er mat starfsmanna Svæðisvinnumiðlunar á Akureyri að það er miður að regluleg skráning sé felld niður en með því móti næst oft betur til einstaklinganna. Það er mat þeirra að regluleg skráning þurfi að vera þó að hún geti verið sveigjanleg.

Reynslan hefur verið sú að oft er erfitt að ná til einstaklinga t.d. varðandi miðlun í starf o.s.frv.

Akureyri, 2. maí 2006

Helena Þ. Karlsdóttir, forstöðumaður

**Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir**

Svæðisvinnumiðlanir

Gerð er athugasemd við það að í þessum lögum er ekki minnst á Svæðisvinnumiðlanir eða hlutverk þeirra. Ekki er heldur minnst á hlutverk forstöðumanna stofnananna gagnvart vinnumarkaðsaðgerðum en þeir bera ábyrgð á framkvæmd þeirra á svæði hvernar svæðisvinnumiðlunar. Á hverri svæðisvinnumiðlun á landsbyggðinni hefur byggst upp þekking sem nýtist mjög vel í þeirri teymisvinnu sem nauðsynleg er til þess að unnt sé að ná virkni í starfseminum á hverju svæði. Nauðsynlegt er að skilgreina hlutverk svæðisvinnumiðlana sem framkvæmdaaðila þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem gripið er til.

Einnig er gerð athugasemd við það að ekki er minnst á forstöðumenn í þessu frumvarpi né hlutverk þeirra. Þeir eru framkvæmdastjórar og ábyrgðaraðilar þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem gripið er til á hverju svæði fyrir sig og hafa yfirsýn yfir það sem í gangi er hverju sinni. Mjög þýðingarmikið er að halda þeirri nánd sem forstöðumennirnir hafa við vinnumarkaðinn og halda áfram að byggja upp tengsl á þeim landsvæðum sem svæðisvinnumiðlanirnar ná yfir. Þessi nálægð hefur gefið góða raun.

Vinnumarkaðsráð (6. gr )

Gerð er athugasemd við stofnun og starfshætti sem vinnumarkaðsráðum er ætlað. Þeim er ætlað stærra hlutverk en svæðisráðin höfðu í gömlu lögunum. Svo virðist sem vinnumarkaðsráðin eigi að verða sjálfstæðar stofnanir að einhverju leyti og fá þjónustu frá starfsstöðvum Vinnumálastofnunar en þær starfsstöðvar eru Svæðisvinnumiðlanirnar sem hafa þjónustað svæðisráðin.

Bent er á að nauðsynlegt er að hafa ráðgefandi aðila eins og vinnumarkaðsráð eða svæðisráð til þess að hafa frumkvæði að þörfum málefnum á vinnumarkaði. Mjög er óljóst og ekki getið um það hvernig vinnumarkaðsráðin eiga að vinna þau verk sem þeim er ætlað.

Hér vantar að geta Svæðisvinnumiðlananna sem halda uppi vinnumarkaðsaðgerðunum á svæðinu og hafa gefið svæðisráðunum og forstjóra Vinnumálastofnunar skýrslu um það starf. Með þeirri framsetningu sem er í lögunum virðist sem vinnumarkaðsráðin hafi fengið hlutverk Svæðisvinnumiðlananna varðandi vinnumarkaðsaðgerðir.

Lagt er til að orðalagi 6. greinar verði breytt þannig að vinnumarkaðsráðin starfi með Svæðisvinnumiðlunum og vinnumiðlun Höfuðborgarsvæðisins. Þau fái þjónustu hjá Svæðisvinnumiðlunum og hafi umsagnar og tillögurétt gagnvart þeim vinnumarkaðsaðgerðaráætlunum og skýrslum sem svæðisvinnumiðlanirnar setja fram.

**Selfossi 3. maí 2006**

Sigurður Jónsson, forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Suðurlands

Til félagsmálanefndar Alþingis


Ísafirði 3. maí 2006.

**Umsögn Svæðisvinnumiðlunar Vestfjarða skv. beiðni um  
um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir þskj. 1194  
sem lagt er fyrir Alþingi á 132 löggjafarþingi 2005-6, 788. mál.**

Í eftirfarandi máli er að finna athugasemdir undirritaðrar við frumvarpið og einstakar greinar þess í þeirri röð sem þær koma fyrir í þingskjali:

Til að byrja með vill undirrituð gera þá athugasemd við frumvarpið að ekki er minnst einu orði á þær átta svæðisvinnumiðlanir sem nú eru starfandi í kringum landið í frumvarpinu eða staðsetningu þeirra. Undirrituð telur æskilegt að þeirra sé getið og hvar þær skulu staðsettar til að fyrirbyggja að þjónusta við íbúa verði skert frá því sem nú er. Svæðisvinnumiðlanir veita nú nærþjónustu varðandi vinnumiðlun, ráðgjöf og upplýsingagjöf, vinnumarkaðsúræði og útgreiðslu atvinnuleysisbóta við íbúa þjónustusvæðis hverrar svæðisvinnumiðlunar. Þjónustusvæði svæðisvinnumiðlana eru afar stór og verkefni þeirra ærin og því mikilvægt að þeirra sé getið í lögum um vinnumarkaðsaðgerðir til að tryggja þá þjónustu enda eðlilegt að bundið sé í lög hvar slík nærþjónusta skuli veitt til íbúa einstakra byggðarlaga. Í frumvarpinu er hinsvegar nefnt í 4. gr. að Vinnumálastofnun skuli reka þjónustumiðstöðvar á ákveðnum svæðum á landinu og félagsmálaráðherra skuli ákveða hvar þær skuli staðsettar að fenginni umsögn forstjóra og stjórnar stofnunarinnar. Einnig þarf að setja í löginn þann lagaramma sem svæðisvinnumiðlunum (þjónustumiðstöðvum) er ætlað að starfa eftir hvað varðar ábyrgð á framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða.

Þá vill undirrituð gerar athugasemdir að ekki er minnst á verkefni forstöðumanna þjónustumiðstöðva (svæðisvinnumiðlana) en gert ráð fyrir að vinnumarkaðsráð skili inn tillögum og skýrslum til stjórnar Vinnumálastofnunar í stað forstöðumanna þessara stofnanna. Reyndin er sú að embættismenn vinna slíkar tillögur og skýrslur og því hefði verið réttara að forstöðumenn þjónustumiðstöðva (svæðisvinnumiðlanna) sendi inn árlega tillögur og skýrslur til stjórnar Vinnumálastofnunar að höfðu samráði við vinnumarkaðsráðin enda séu vinnumarkaðsráðin fyrst og fremst ráðgefandi en forstöðumenn beri ábyrgð á vinnumarkaðsaðgerðum og úrræðum hver á sínu starfssvæði. Þá vekur það athygli að samtímis því að ekki er minnst á verkefni forstöðumanna er ítrekað minnst á ráðgjafa Vinnumálastofnunar en ekki ráðgjafa þjónustumiðstöðva (svæðisvinnumiðlana) sem þó starfa undir stjórn Vinnumálastofnunar nema að gert sér ráð fyrir því að þjónustumiðstöðvar (svæðisvinnumiðlanir) heiti eftirleiðis Vinnumálastofnun. Forstöðumenn eru framkvæmdastjórar og ábyrgðaraðilar vinnumarkaðsaðgerða sem gripið er til á hverju landssvæði fyrir sig og þeirrar ráðgjafar sem veitt á svæðinu. Þeir hafa heildarsýn yfir atvinnuástand, úrræði og ráðgjöf auk tengslanets við alla þá aðila sem koma þurfa að koma að vinnumarkaðsaðgerðum og því eðlilegt og rétt að á starf þeirra sé minnst og lagarammi settur um starf þeirra og ábyrgð varðandi vinnumarkaðsaðgerðir.




Í 5 gr. er tiltekið að ráðherra skipi tvo stjórnarmenn og skuli annar þeirra vera formaður sjóðsins og hinn varaformaður. Þetta á trúlega að vera stjórnar í stað sjóðs enda um að ræða stjórn Vinnumálastofnunar.

6. gr. Mjög er óljóst er í frumvarpinu hvernig vinnumarkaðsráðin eiga að vinna að þeim verkefnum sem þeim er ætlað að starfa að í frumvarpinu og virðist helst sem að þau eigi að verða einhverskonar sjálfstæðar stofnanir. Í þessari grein þyrfti að geta svæðisvinnumiðlana og starfssemi þeirra sem bera ábyrgð á vinnumarkaðsaðgerðum hver á sínu svæði og hafa hingað til komið með tillögur um vinnumarkaðsaðgerðir og gefið skýrslur til svæðisráða um vinnumarkaðsaðgerðir og stjórn Vinnumálastofnunar. Eðlilegast væri að tilgreina í lögum að vinnumarkaðsráð starfi með svæðisvinnumiðlunum og séu ráðgefandi, hafi umsagnar og tillögurétt gagnvart vinnumarkaðsáætlunum og þeim skýrslum sem svæðisvinnumiðlanirnar setja fram til stjórnar Vinnumálastofnunar

Að lokum vill undirrituð gera athugasemdir við ákvæði 21. gr. um gildistöku laganna sem áætluð er 1. júlí 2006 í frumvarpinu. Erfitt er að vinna að umfangsmiklum breytingum á starfssemi þegar sumarleyfi starfsmanna á mjög fámennum starfsstöðvum standa yfir. Væri æskilegt að gildistími yrði frá 1. október eða 1. nóvember 2006.

Virðingarfyllst,



Guðrún Stella Gissurardóttir, forstöðumaður  
Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða



**Umsögn vegna:**

**Frv. til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, 788. mál**

**8. gr**

Ætti að vera óþarfi að tilgreina hversvegna viðkomandi hættir í atvinnuleit. Ef það er nauðsynlegt þá væri líklega betra að hafa val um staðlaða möguleika ef vinna á einhverja tölfraðilega niðurstöðu úr því.

**11. gr**

Það getur orðið erfitt að útfæra þetta í litlum sveitarfélögum þar sem atvinnulífið er einhæft, atvinnutækifæri fá og lítið um námskeið í boði. Í frumvarpinu er talað um að „...svo unt sé að aðstoða hann við að fá starf við hæfi og gefa honum kost á þátttöku í einstökum vinnumarkaðsúrræðum.” Það verður erfitt að koma þessu við á fámennum stöðum þannig að betra væri að orða þetta „eins og kostur er”.

Í bæði frumvarpi til laga um atvinnuleysistryggingar og í frumvarpi til laga um vinnumarkaðsaðgerðir er ekki minnst á Svæðisvinnumiðlanir heldur ýmist þjónustustöðvar Vinnumálastofnunar og eða Vinnumálastofnun. Að okkar mati er **gífurlega** mikilvægt ef fyrirhugað er að breyta heitunum á skrifstofunum að áhersla verði á **VINNUMIDLUN**.

Við teljum best og skýrast ef skrifstofurnar hétu t.d. Vinnumiðlun Vesturlands. Það vísar bæði til starfseminnar sem og svæðisins sem skrifstofan þjónustar.

Ég vill ítreka mikilvægi þess að starfsstöðvar svæðisvinnumiðlana sé mannaðar í samræmi við verkefni þeirra og umfang. Því kerfið okkar verður hvorki skilvirkara né betra ef ekki er hægt að starfa í anda laganna, sökum manneklu. Ljóst er að þessi frumvörp kalla á mun meiri og tíðari ferðir ráðgjafa út á svæði. Einnig er mjög mikilvægt að starfsmann svæðisvinnumiðlana séu í góðum tengslum bæði við fyrirtæki og atvinnuleitendur. Atvinnutilboðum þarf að sinna eins fljótt og kostur er annars leita fyrirtæki annað og þá verður engum störfum að miðla. Ég tel því að með „virkri” vinnumiðlun, vönduðum úrræðum, góðri þjónustu við atvinnuleitendur og vinnuveitendur megi gera kerfið okkar bæði skilvirkara og betra.

Virðingarfyllst,

---

*Guðrún Sigríður Gísladóttir,*  
*forstöðumaður Svæðisvinnumiðlunar Vesturlands*



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/2021*  
*komudagur 3.5.2006*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Félagsmálanefnd**  
**b/t Selmu Hafliðadóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 3. maí 2006.

**Efni: Frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir (788. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er byggt á niðurstöðum nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði árið 2004 og var falið að endurskoða efni laga nr. 12/1997 um atvinnuleysistryggingar og laga nr. 13/1997 um vinnumarkaðsaðgerðir.

Í 10. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um að hið opinbera skuli starfrækja vinnumiðlanir. Er vandséð að þörf sé á slíkum ríkisrekstri enda er fjöldi einkarekinna vinnumiðlana í landinu sem bjóða fólki að aðstoða það við atvinnuleit þeim að kostnaðarlausu. Er því erfitt að rökstyðja það fyrir skattgreiðendum af hverju þeir eiga að standa straum af slíkum hlutum sem þegar eru gerðir jafn vel eða betur af einkaaðilum.

**Viðskiptaráð leggur til að ríkið hætti að starfrækja opinberar vinnumiðlanir en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.**

Virðingarfyllt,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

  
Davíð Þorláksson

## Skipting úrræðafjármuna fyrir árið 2006

Til ráðstöfunar eru 112 milljónir króna.

Atvinnusvæði	Skiptipættir					Skipting framlaga					Upphæð á hvern atv.lausan
	Íbúatölur		Atvlsföustu 12 mán.			Jöfn skipting	% af íbúatölu	% af fj.atv.l.	Samtals	Skipting	
	Íbúafjöldi	% skipt	fjöldi	% skipt	% atvl.	15%	35%	50%	í kr.	í %	
Höfuðb.sv.	183.990	62,7	3.245	70,3	3,6	1.406.250	16.467.391	26.356.400	44.230.041	59,0	13.630
Suðurnes	17.092	5,8	291	6,3	3,4	1.406.250	1.529.761	2.363.548	5.299.558	7,0	18.212
Vesturland	14.418	4,9	138	3	1,9	1.406.250	1.290.433	1.120.858	3.817.541	5,1	27.663
Vestfirðir	7.698	2,6	84	1,8	2,1	1.406.250	688.983	682.261	2.777.494	3,7	33.065
Norðurland v.	8.984	3	76	1,7	1,7	1.406.250	804.082	617.284	2.827.616	3,8	37.205
Norðurland e.	26.881	9,2	416	9	3,1	1.406.250	2.405.891	3.378.817	7.190.959	9,6	17.286
Austurland	12.435	4,3	103	2,2	1,7	1.406.250	1.112.952	836.582	3.355.784	4,5	32.580
Suðurland	21.793	7,5	264	5,7	2,5	1.406.250	1.950.507	2.144.250	5.501.007	7,3	20.837
<b>Alls</b>	<b>293.291</b>	<b>100</b>	<b>4.617</b>	<b>100</b>	<b>3,1</b>	<b>11.250.000</b>	<b>26.250.000</b>	<b>37.500.000</b>	<b>75.000.000</b>	<b>100,0</b>	

Vinumálastofnun: Fjölsmiðjan fær 26 milljónir árlega. Eftir eru þá 9 milljónir sem stofnunin ráðstafar vegna sérstakra aðstæðna.

Alþingi  
Erindi nr. P 132/2006  
komudagur 3.5.2006



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. maí 2006

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, mál 788

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um vinnumarkaðsaðgerðir, mál nr. 788. ÖBÍ fagnar settum markmiðum sem fram koma í nýju frumvarpi um að sem flestir fái tækifæri til að vera virkir á vinnumarkaðnum, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta.

Eitt af markmiðum ÖBÍ er að tryggja jafnrétti til atvinnu og hvetja til frekari atvinnuþátttöku fatlaðra. Almenn atvinnuþátttaka á Íslandi er einhver sú mesta í OECD ríkjunum eða tæp 90%. Þrátt fyrir mikla almenna atvinnuþátttöku er atvinnuþátttaka fatlaðra aðeins um 38% og er sú allra lægsta á Norðurlöndum. Til samanburðar má nefna að almenn atvinnuþátttaka í Noregi er um 80% og er atvinnuþátttaka fatlaðra þar í landi rúmlega 60%. Að mati ÖBÍ er slök atvinnuþátttaka fatlaðra óásættanleg og má að miklu leyti rekja til laga um almannatryggingar sem hafa mjög letjandi áhrif á fatlaða og öryrkja til þátttöku í atvinnulífinu, sér í lagi þá sem ekki geta unnið fullt starf. Engu að síður, í ljósi upplýsinga um atvinnuþátttöku fatlaðra, má draga þá ályktun að núgildandi löggjöf um vinnumarkaðsaðgerðir hafi ekki orðið til að auka atvinnuþátttöku þeirra. ÖBÍ fagnar því nýju frumvarpi og þeim markmiðum sem þar koma fram. Er sérstaklega horft til þeirra nýju tillagna sem fela í sér að miða þjónustuna við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins atvinnuleitenda.

Af hálfu ÖBÍ eru gerðar eftirfarandir athugasemdir við hið nýja frumvarp.

#### 1. Yfirstjórn atvinnumála fyrir alla, þ.m.t. fatlað fólk, verði hjá Vinnumálastofnun.

Í nýrri skýrslu um eitt samfélag fyrir alla – hugmynd að betra samfélagi, eru lagðar fram sameiginlegar tillögur ÖBÍ, Landssamtakanna Þroskahjálpar og Landssambands eldri borgara um aukna atvinnuþátttöku fatlaðra og eldri borgara. Þær tillögur fela m.a. í sér að yfirstjórn allra atvinnumála verði hjá Vinnumálastofnun og að þangað ráðið sérhæft starfsfólk til að sinna því hlutverki. Þaðan verði útrás á atvinnumarkað stjórnad, jafnframt því sem stofnunin miðli upplýsingum um aðgerðir sem stuðla að aukinni atvinnuþátttöku. Í ljósi þessa leggur ÖBÍ til að það fyrirkomulag sem nú er með starfsemi sérstakra vinnumiðlunar fyrir fatlaða verði hætt. Þess í stað verði sú afmarkaða skylda sem hvílir á svæðisskrifstofum í atvinnumálum fatlaðra, samkvæmt XII kafla laga nr. 59/1992, um málefni fatlaða, falin Vinnumálastofnun.

Í ljósi þess að fagleg stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða fer fram innan Vinnumálastofnunar, sbr. 5. gr. í frumvarpi að nýjum lögum um vinnumarkaðsaðgerðir, er eðlilegt að öll atvinnumál séu á hendi einnar stjórnsýslustofnunar. Með því fæst að mati ÖBÍ betri heildarsýn í atvinnumálum og vinnumarkaðsaðgerðir verða markvissari. Er jafnframt vísað til athugasemda við hið

nýja frumvarp þar sem segir; „Markmiðið er að ein stofnun, Vinnumálastofnun, annist framkvæmd vinnumarkaðsaðgerða sem fela í sér vinnumiðjun, mat á hæfni atvinnuieitenda og skipulag vinnumarkaðsúrræða með hliðsjón af færni þeirra sem eru í atvinnuleit. Þannig má gera ráð fyrir að betri yfirsýn fáiast yfir þau úrræði sem í boði eru en gagnrýnt hefur verið að starfsendurhæfing sé of dreifð hér á landi og á hendi margra aðila“.

Í 5. gr. hins nýja frumvarps er fjallað um stjórn Vinnumálastofnunar, um skipan hennar og hlutverk. Eitt af hlutverkum stjórnar er að annast faglega stefnumótun á sviði vinnumarkaðsaðgerða. Að mati ÖBÍ hafa atvinnumál fatlaðra ekki fengið það vægi í stefnumótun Vinnumálastofnunar sem nauðsynlegt er til að atvinnuþátttaka þeirra teljist ásættanleg. ÖBÍ leggur á það áherslu að við skipan í stjórn Vinnumálastofnunar verði einnig skipaður fulltrúi ÖBÍ sem eru stærstu heildarsamtök fatlaðra á landinu. Innan ÖBÍ eru 30 aðildarfélög með um 22 þúsund félagsmönnum.

Jafnframt er óskað eftir að fulltrúar ÖBÍ verði boðaðir á fund félagsmálanefndar til að ræða nýtt frumvarp.

Virðingarfyllst,  
f.h. ÖBÍ

  
Hafdis Gísladóttir  
framkvæmdastjóri